



Faraldurinn hefur leikið vinnumarkaðinn grátt

Á fyrsta ársfjórðungi 2020 voru bæði atvinnuþátttaka og hlutfall starfandi af mannfjölda með því lægsta sem mælst hefur í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands. Atvinnuþátttaka 16 til 74 ára mældist 76,5% á fyrsta ársfjórðungi í ár sem er sama hlutfall og mældist á sama ársfjórðungi í fyrra. Atvinnuþátttaka hefur aðeins tvisvar áður mælst lægri en 77%, á fyrsta og fjórða ársfjórðungi 2020.

Á fyrsta ársfjórðungi 2021 voru 185.600 manns starfandi, eða 70,7% af mannfjölda. Starfandi fólki fækkaði um 4.700 manns frá fyrsta ársfjórðungi 2020 og hlutfall þess af mannfjölda lækkaði um 2,5 prósentustig. Hlutfall starfandi hefur aldrei mælst jafn lágt á fyrsta ársfjórðungi og nú og er mælingin á meðal þriggja lægstu frá upphafi, eða frá árinu 2003. Hlutfall starfandi kvenna var 66,2% og starfandi karla 74,8%, en samsvarandi tölur árið áður voru 69,6% og 76,5%.

Mikil árstíðasveifla er í tölum Hagstofunnar um atvinnuþátttöku og hlutfall starfandi.


Vinnumarkaðurinn styrkist jafnan á 2. ársfjórðungi og nær mestum styrk á þeim 3. en veikist svo aftur og er veikastur á 4. ársfjórðungi og þeim fyrsta.

Í síðustu uppsveiflu náði atvinnuþátttaka hámarki á árunum 2015 og 2016. Þá varð hún álíka mikil og á árinu 2007 en í það skipti féll atvinnuþátttaka síðan verulega á árinu 2008. Svipaða sögu er að segja um hlutfall starfandi. Þar varð hámarkið í síðustu uppsveiflu á miðju ári 2016 þegar hlutfallið fór yfir 80%. Það var svipuð staða og var miðju ári 2007.

Vinnutími hefur styst


Þeir sem voru við vinnu unnu að jafnaði 1,4 stundum styttri vinnuviku á fyrsta ársfjórðungi í ár en á sama tíma 2020. Heildarfjöldi vinnustunda á viku var 36,6 stundir, 32,3 stundir hjá konum og 39,9 stundir hjá körlum. Fjöldi vinnustunda hefur farið nær stöðugt minnkandi frá árinu 2013 og hefur reyndar styst mun meira sé miðað við lengra tímabil. Á 2. og 3. ársfjórðungum árána 2007 og

Atvinnuþátttaka og hlutfall starfandi



Heimild: Hagstofa Íslands

Fjöldi venjulegra vinnustunda



Heimild: Hagstofa Íslands



2008 var vikulegur vinnutími rúmar 42 stundir. Vinnutíminn styttist verulega í fjármálakreppunni, eða um u.þ.b. 2 stundir á viku, og hefur ekki náð fyrri lengd síðan.

Fjöldi utan vinnumarkaðar

Á 1. ársfjórðungi 2021 voru 61.700 manns utan vinnumarkaðar, eða 23,5% af mannfjölda 16-74 ára. Af konum voru 27,8% utan vinnumarkaðar og 20% karla. Þessar tölur eru svipaðar og á 1. ársfjórðungi 2020.

Allt frá árinu 2016 hefur þeim fjölgað hlutfallslega sem eru utan vinnumarkaðar. Um mitt ár 2007 voru 16-17% utan vinnumarkaðar og eilítið fleiri 2008. Fólki utan vinnumarkaðar fór svo að fjölga allt til ársins 2011 en tók að fækka aftur á árinu 2013. Á 1. og 2. ársfjórðungum árána 2015 og 2016 voru hlutfallslega álíka margir utan vinnumarkaðar og fyrir fjármálakreppuna. Síðan hefur fólki utan vinnumarkaðar fjölgað nær stöðugt. Á öllu árinu 2016 voru 18,1% utan vinnumarkaðar en 22,6% á árinu 2020. Aukningin er 4,6 prósentustig.


Af þeim sem voru utan vinnumarkaðar á fyrsta ársfjórðungi 2021 voru flestir, eða 30,5%, á eftirlaunum, 26,5% voru nemar, 20,9% öryrkjar og 10,6% voru veikir eða tímabundið ófærir til vinnu. Um 3,7% töldu sig vera atvinnulausa þó þeir uppfylli ekki skilyrði í skilgreiningu rannsóknarinnar á atvinnuleysi.

Ekki hafa orðið miklar breytingar á ástæðum sem fólk gefur fyrir því að vera utan vinnumarkaðar frá 2016. Þannig hefur fólki á eftirlaunum og öryrkjum t.d. fækkað hlutfallslega, en heimavinnandi fólk hefur fækkað töluvert. Sé 2020 borið saman við 2007 eru breytingarnar meiri, t.d. voru hlutfallslega mun fleiri í námi þá og færri á eftirlaunum eða öryrkjar eða fatlaðir. Þá voru hlutfallslega mun fleiri í fæðingarorlofi 2007 en í fyrra.


Mikil áhrif á vinnumarkað

Stóra myndin er eftir sem áður að veirufaraldurinn hefur hlutfallslega fjölgað þeim sem eru utan vinnumarkaðar og fækkað starfandi fólki að sama skapi. Þá hefur atvinnuþátttaka minnkað og vinnutími styst.

Hlutfall 16-74 ára utan vinnumarkaðar




ÁSTÆÐUR FYRIR AÐ VERA UTAN VINNUMARKAÐAR 2020



Heimild: Hagstofa Íslands

Ástæður fyrir að vera utan vinnumarkaðar - innbyrðis skipting



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.